

Byrjunaráfangi í bókfærslu

Fjallað er um bókhaldshringrásina og helstu reglur tvíhliða bókhalds. Fjallað er um grundvallarhugtökin, eignir, skuldir, gjöld og tekjur. Lögð er áhersla á að nemendur verði færir um að annast almennar færslur í dagbók, hafi skilning á uppgjöri og geti sett fram efnahags- og rekstrarreikning. Veitt er innsýn í notkun flestra reikninga sem telja má til grunnreikninga í fjárhagsbókhaldi. Gerð er grein fyrir tilgangi bókhalds og helstu lög um bókhald og virðisaukaskatt eru kynnt.

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- grundvallarhugtökum tvíhliða bókhalds
- uppsetningu bókhalds með hliðsjón af fyrirliggjandi efnahagsreikningi

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- gera almennar dagbókarfærslur
- stilla upp prófjöfnuði
- að stilla upp reikningsjöfnuði
- gera upp viðskipti fyrir ákveðið tímabil

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skrá lagfæringar á bókhaldinu með hliðsjón af einföldum athugasemdum
- lagfæra bókhald að teknu tilliti til athugasemda
- gera upp virðisaukaskatt
- greina uppgjörsgögn
- setja upp rekstrar- og efnahagsreikning í lok reikningstímabils
- skilja bókhaldshringrásina og tengsl ýmissa reikninga

Námsmat

Mæting, vinna í tímum, skrifleg próf með reglulegu millibili yfir önnina, sjálfsmat. Áhersla er lögð á vönduð vinnubrögð nemenda.

Kennslugögn

Kennslubók og annað ítarefni frá kennara.